

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd**

Reykholahrepps mánudaginn 8. september 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Þórður Jónsson, Guðmundur Ólafsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Sveitt setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Bréf dags. 15. ágúst 2008 frá Logos lögmannspjónustu með beiðni um landskipti (stofnskjal) landnúmer lóðar 173263 úr landi Svínaness, landnúmer 139692. Landskiptin samþykkt.
2. Umsókn dags. 23. júlí 2008 frá Gauta Þorsteinssyni um leyfi til að reisa fjarskiptastöð á Klettshálsi; 20 m stálgrindarmastur og 6 m² tækjaskýli. Fyrir liggur umboð frá eigendum Kletts til Og fjarskipta ehf til að sækja um og fylgja eftir umsókn um byggingaleyfi vegna þessara framkvæmda. Samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar.
3. Umsókn dags. 13. ágúst frá Gauta Þorsteinssyni um leyfi til reisa fjarskiptastöð á Ódrjúgshálsi; 15 metra stálgrindarmastur og 6 m² tækjaskýli
Afgreiðslu frestað þar til samþykki landeiganda liggur fyrir.
4. Umsókn dags. 13. ágúst 2008 frá Gauta Þorsteinssyni um leyfi til að reisa fjarskiptastöð á Hofsstaðahálsi; 15 metra stálgrindarmastur og 6 m² tækjaskýli.
Afgreiðslu frestað þar til samþykki landeiganda liggur fyrir.
5. Umsókn dags. 5. september 2008 frá Jóni Ólafssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús og vélageymslu, 194,2 m², 539,2 m³ í landi Barma.
Samþykkt með fyrirvara um 6 m² geymslu í íbúðarhúsi og jákvæða umsögn minjavarðar Vestfjarðar og Skipulagsstofnunar.
6. Umsókn dags. 29. ágúst 2008 frá Sigvalda Guðmundssyni um leyfi til rífa vélageymslu (212-2088) í landi Hafrafells
Samþykkt.
7. Umsókn dags. 3. ágúst 2008 frá Svavari Gestssyni um leyfi til að byggja gestahús við Hólasel.
Afgreiðslu frestað þar til fullgerðar teikningar ásamt afstöðu- og yfirlitsuppdrætti liggja fyrir.
8. Umsókn dags. 27. júlí 2008 frá Jóni Trausta Markússyni um leyfi til að klæða Hellisbraut 6 á Reykhólum með standandi bárujárnsklæðningu.
Áður samþykkt á fundi 28. júlí 2008.

9. Bréf dags. 14. ágúst 2008 frá Kristínu S. Ingimarsdóttur með tilkynningu um endurnýjun rotþróar á Sólbakka í Flatey. Kynnt. Engin athugasemd gerð.
10. Umsókn dags. 4. sept. frá Árna Sigurpálssyni um leyfi til að byggja 50m² sumarhús á lóð við Bjarkalundi. Samþykkt með fyrirvara um að fullunnar bygginganefndarteikningar verði sendar inn.

Önnur mál.

1. Bréf dags. 29. ágúst 2008 frá Bergsveini G. Reynissyni með umsókn um leyfi til að hefja viðgerð á bryggjunni í Króskfjarðarnesi. Samþykkt.
2. Bréf dags. 12. ágúst 2008 frá Guðna Tyrfingssyni með umsókn um leyfi, fyrir hönd Sævars Jónssonar, til að byggja geymslu við Hafrahlíð við Borgarveg. Samþykkt með fyrirvara um brunamerkingar á teikningar og jákvæða umsögn skipulagsstofnunar og minjavarðar Vestfjarða.
3. Byggingafulltrúi leggur fram, fyrir hönd Bátasafns Breiðarfjarðar, breytingateikningar á húsi Bátasafnsins þar sem þak hefur verið hækkað um 80 cm frá fyrri teikningu. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.: 17:15.

Sveinn Ragnarasson (sign)
Þórður Jónsson (sign)
Guðmundur Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Óskar Streingrímsson (sign)
Bogi Kristinsson Mogensen (sign)